

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

STARFSLEYFI

Hraðfrystihúsið Gunnvör - Mjóafirði

630169-2249

Til að starfrækja Land- og kvíaeldi að 200 tonnum

Þorskeldi

Staðsetning: 200m radíus frá 65°58.392'N – 22°32.409'V í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi

Heimilisfang:
Hnífsdalsbryggja
410 Hnífsdalur

Nafn rekstraraðila: Kristján G. Jóakimsson

Kennitala rekstraraðila:

Útgáfudagur: 11. október 2013 Gildir til: 11. október 2014

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða og laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnu að gilda.


Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:

Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi í sjó

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 1 árs en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.



HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, , 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Bolungarvík 21.október 2013

Hraðfrystihúsið Gunnvör
Kristján G. Jóakimsson
Hnífsdalsbryggja
410 Ísafjarðarbær

Starfsleyfi fyrir Land- og kvíaeldi

Á fundi sínum þann 11. október 2013 fjallaði heilbrigðisnefnd Vestfjarða um starfsleyfi fyrir Hraðfrystihúsið Gunnvör - Mjóafirði. Staðsetning 65°58.392'N – 22°32.409'V fyrir þorskeldi. Starfsleyfið gildir til 11. október 2014. Eldiskvíar skulu staðsettar innan 200m ríðius frá staðsetningarpunkti. Fyrirtækið flokkast sem Land- og kvíaeldi (ÍSAT no. 050220). Í samræmi við gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis frá 13. apríl 2012 nr. 385 er árlegt eftirlitsgjald kr 24.203 miðað við eftirlitsheimsókn annað hvert ár.

Starfsleyfisgjald er kr 9.681. Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar.

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr 785/1999. Starfsemin er einnig háð útgáfu rekstrarleyfis samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008.

Samkvæmt 32. grein laga nr 7/1998 má kæra ákvörðun heilbrigðisnefndar um útgáfu starfsleyfis til fullnaðarúrskurðar umhverfisráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun heilbrigðisnefndar.

Virðingarfyllst



Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi